

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Vesturbær, endurgert og nýtt deiliskipulag.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti endurgert og nýtt deiliskipulag Vesturbæjar á fundi sínum 9. nóvember 2022. Deiliskipulagið tekur til svæðis milli Reykjavíkurvegar, Vesturgötu og Hraunbrúnar og var auglýst frá 19. október – 30. nóvember 2021. Athugasemdir bárust. Með gildistöku skipulagsins fellur úr gildi það sem eftir stendur af deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar frá 1981 með síðari breytingum, auk þess sem afmarkanir deiliskipulags Norðurbakka og íbúðarsvæðis í Norðurbæ breytast.

Málsmeðferð deiliskipulagsins var samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast það þegar gildi.

Hafnarfirði, 28. nóvember 2022.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Guðrún Guðmundsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 29. nóvember 2022